

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslu- 54
mannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu **um greiðslu sveitarstyrks.** 22. ágúst

Guðjón fiskisali Jónsson, sveitlægur í Bessastaðahreppi, hefir um allmörg ár búið í Reykjavík ókvæntur með Málhildi Þórðardóttur, sem þar á sveit, og hafa þau átt saman 6 börn, er framfærst hafa á heimili þeirra, er um nokkurt skeið af Reykjavíkurbæ var lagður fátækrastryrkur, sem að helmingi var endurgreiddur af Bessastaðahreppi.

Vorið 1919 tók fátækrastrjórn Reykjavíkur upp þá ráðabreytni að flytja Guðjón þurfa-mannaflutningi til framfærslusveitar hans, en þaðan hvarf hann um hæl aftur til síns fyrra heimilis og hefir síðan sem fyr alið önn fyrir heimilinu eftir mætti. Eftir að flutningur þessi átti sjer stað, var heimilinu eftir þörfum veittur fátækrastryrkur, er var bókfærður þannig, að styrkurinn var sumpart veittur Málhildi sjálfri, en meginhluti talinn greiddur samkvæmt með-lagsúrskurðum með börnum þeirra Guðjóns og Málhildar. Höfðu 3 þessara meðlagsúrskurða upprunalega verið gefnir út af bæjarfógetanum í Reykjavík 10. apríl 1915, en aldrei hafði verið gerð tilraun til að beita þeim. Hinn 21. maí þ. á. gaf lögreglustjóri Reykjavíkur út nýja úrskurði um hækkað meðlag með þessum þrem börnum og gaf jafnframt út úrskurði um meðlag með yngri börnunum þremur. Eftir því sem meðlögin fjellu í gjalddaga samkvæmt úr-skurðunum, krafði borgarstjóri svo hreppsnefnd Bessastaðahrepps um endurgreiðslu með-laganna að fullu. Hreppsnefndin bauðst í fyrstu til að greiða eins og að undanfögnu helming þess styrks, sem heimilinu var veittur, en er borgarstjóri hafnaði því boði, neitaði nefndin al-veg að verða við kröfunni vegna þess að barnsmóðirin hefði ekki krafist úrskurða þessara og einnig vegna þess, að faðir barnanna hefði af sinni hálfu lagt til heimilisþarfa þeirra Mál-hildar fyllilega það, er meðlagsúrskurðirnir gera honum að greiða, og leggi enn. Samkvæmt framlagðri óvjefengdri skýrslu virðist þetta rjett vera. Borgarstjóri heldur því hins vegar fram, að framfærslusveitin, eftir að áðurnefndur þurfa-mannaflutningur fór fram, sje skyld að greiða löglega úrskurðuð meðlög. Ágreiningur þessi leiddi til úrskurðar yðar, herra sýslumaður, er 11. júní s.l. fjell á þá leið, að Bessastaðahreppi væri eigi skylt að greiða umkrafin úrskurðuð meðlög á meðan foreldrarnir hefðu sameiginlegt heimili með börnunum. Þessum úrskurði hefir borgarstjóri skotið til stjórnarráðsins, jafnframt og hann hefir lagt fram sundurliðaða skýrslu um allan styrk lagðan heimilinu frá því í aprílmánuði 1919 og til 15. júlí þ. á. og er hann að upphæð kr. 2714,33, af þessari fjárhæð gera meðlögin samanlögð kr. 2370,00.

Eins og þjer gerið í úrskurði yðar, verður að taka tillit til þeirrar staðreyndar, að faðir barnanna hefir á því tímabili öllu, sem um er að ræða, lagt, ásamt móður barnanna, allan sinn vinnuafla inn í sameiginlegt heimili þeirra til uppeldis börnunum. Skilyrði 7. gr. fátækralaganna um að þröngva barnsföður með úrskurði til þess að gefa með börnum sínum eru því ekki fyrir hendi. En ef úrskurðinum ætti að beita gagnvart framfærslusveit barns-föður, bæri óhjákvæmilega að taka tillit til þess framfærslueyris, er hann í reyndinni hefir greitt á hinu liðandi meðlagsári barnanna, en þar sem mat þessa framlags er bæði örðugt og ekki gert ráð fyrir því í fátækralögnum, getur það ekki komið til greina. Að framfærslusveit móðurinnar eigi hinsvegar ein að kosta framfærsluna, að svo miklu leyti sem fjárafli foreldr-anna ekki hrekkur til, getur heldur ekki átt sjer stað, sbr. 6. gr. fátækralaganna, er skyldar föður óskilgetins barns jafnt móður þess til að framfæra það, en ríkari skyldu en faðirinn getur framfærslusveit hans þó ekki haft. Á meðan barnsfaðirinn leysir af hendi framfærslu-skyldu sína á þann hátt, er áður er lýst, verður því meðlagsúrskurðunum ekki beitt á venju legan hátt, hvorki gagnvart honum nje framfærslusveit hans, heldur verða framfærslusveitir foreldranna að bera að jöfnu þann fátækrastryrk, sem þeim er löglega veittur til framfærslu

54 barnanna af framfærslusveit móðurinnar. Þar sem ofan nefndar kr. 2714,33 er löglega veittur
 22. ágúst. fátækra styrkur, úrskurðast, að Bessastaðahreppur skuli endurgreiða Reykjavíkurbæ helming
 styrks þessa, eða kr. 1357,16.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar fyrir
 hreppsnefnd Bessastaðahrepps og annist þjer um að hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.

55
 9. maí

Samþykt

um

breyting á samþykt 2. janúar 1919 um lokunartíma sölubúða í Hafnarfjarðarkaupstað.

Í stað 4. málsg. 2. greinar samþyktarinnar komi:

Á tímabilinu frá 15. apríl til 15. september, skal á miðvikudögum og laugardögum
 loka búðum eigi síðar en kl. 8. síðdegis.

Samþykt þessi staðfestist hjer með samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög
 nr. 9, 2. ágúst 1918, til að öðlast gildi 17. maí 1921, og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
 sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 9. maí 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

56
 17 maí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð iðnaðar-
 manna í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju-
 málaráðherra 17. maí 1921. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

styrktarsjóðs iðnaðarmanna í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Iðnaðarmannafjelaginu í Reykjavík 7. apríl 1895, með þeim
 2263 krónum og 6 aurum, er það átti í Söfnunarsjóði Íslands í ársbyrjun 1895, og nefnist
 Styrktarsjóður iðnaðarmanna í Reykjavík.